

Ár 2011, fimmtudaginn 15. desember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Héraðssambandinu Skarphéðni frá 30. nóvember 2011.**

Í bréfinu óskar Héraðssambandið Skarphéðinn eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ.

Bæjarráð hafnar erindinu og vísar til þess að stuðningur Hveragerðisbæjar við HSK er greiddur í gegnum framlag Héraðsnefndar Árnesinga.

**1.2. Félagi tónlistarkennara frá 6. desember 2011.**

Í bréfinu er ályktun frá aðalfundi Félags tónlistarkennara gegn niðurskurði í tónlistarskólum.

Lagt fram til kynningar. Bæjarráð vekur jafnframt athyggli á því að á síðasta fundi Héraðsnefndar var samþykkt stóraukið framlag til Tónlistarskóla Árnesinga.

**1.3. Diðriki Sæmundssyni frá 27. nóvember 2011.**

Í bréfinu sem er afrit af bréfi til Landsforms er rætt um samskipti Diðriks við Landform vegna deiliskipulags á landi Friðarstaða.

Lagt fram til kynningar.

**1.4. Landform ódagsett.**

Í bréfinu sem er afrit af bréfi Landforms til Diðriks Sæmundssonar lýsir Landform sig reiðubúið til að vinna að deiliskipulagi á landi Friðarstaða.

Lagt fram til kynningar.

**1.5. Lionsklúbbi Hveragerðis frá 7. desember 2011.**

Með bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ að upphæð kr. 50.000.- vegna jólaballs barna í Hvergerði sem haldið verður á Hótel Örk 26. desember n.k.

Samþykkt samhljóða.

**1.6. Ungmennafélagi Íslands frá 29. nóvember 2011.**

Í bréfinu eru ályktanir frá sambandsþingi Ungmennafélags Íslands sem haldið var 15. - 16. október sl.

Meirihluti bæjarráðs lagði fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi ályktana þingsins þar sem skorað er á sveitarfélög að halda áfram með uppbyggingu íþróttamannvirkja er það bæjarráði sérstök ánægja að hér sé unnið markvisst að stefnumarkandi uppbyggingu íþróttamannvirkja sem vafalaust á eftir að leggja línur varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélögum hringinn í kringum landið. Næsta sumar mun rísa í Hveragerði 5.000 m<sup>2</sup> fjölnota íþróttahöll sem gjörbylta mun allri aðstöðu til íþróttaiðkunar í bæjarfélaginu.

Unnur Þormóðsdóttir  
Ninna Sif Svavarsdóttir

#### 1.7. Sveitarfélaginu Skagafirði frá 2. desember 2011.

Í bréfinu er ályktun Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun veiðileyfa gjalda.

Bæjarráð þakkar sveitarstjórn Skagafjarðar fyrir að vekja athygli bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar á hugmyndum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ráðstöfun veiðileyfagjalds. Að sjálfsögðu væri það jákvætt ef leiða ætti til lykta málefni sjávarútvegsins sem undanfarin misseri hefur verið í lamandi óvissu þó að þessi tillaga beri ekki yfirbragð sátta í málaflokknum.

Bæjarráð sér ekki annað fært en að harma þá hugmynd sem starfshópurinn hefur sett fram en þar er gert ráð fyrir að umrætt veiðileyfagjald skiptist þannig að 50% renni í ríkissjóð, 40% til sjávarbyggða og 10% til þróunar- og markaðssmála í sjávarútvegi.

Það er álit bæjarráðs að allar auðlindir Íslands eigi að vera sameign landsmanna. Því er með öllu óskiljanlegt hvers vegna starfshópurinn gerir ráð fyrir skiptingu auðlindagjalds með það að markmiði að einungis hluti þjóðarinnar njóti. Slíkt munu íbúar þeirra sveitarfélaga sem skarðan hlut bera frá borði ekki sætta sig við.

#### 1.8. Knattspyrnudeild Hamars frá 16. nóvember 2011.

Í bréfinu óskar knattspyrnudeild Hamars eftir fjárstuðningi vegna æfinga sem þarf að stunda annars staðar en í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir að styrkja knattspyrnudeildina um kr. 800.000.- Helmingur upphæðarinnar falli til árið 2011 og hinn helmingurinn 2012.

#### 1.9. Fjölís frá 2. desember 2011.

Í bréfinu er óskað eftir að samningur Hveragerðisbæjar við Fjölís verði framlengdur óbreyttur til 1. júlí 2012.

Samþykkt samhljóða.

1.10. **Heilbrigðisstofnun Suðurlands frá 24. nóvember 2011.**

Í bréfinu er kynnt endurskipulagning sem farið hefur fram hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna lækkunar fjárveitinga.

Bæjarráð harmar þá sorglegu stöðu sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands er í og að nú skuli svo vera komið að leggja þurfi niður heilsugæslustöð í stórum byggðakjarna á Suðurlandi. Bæjarráð hvetur alla sem tók hafa á til að beita áhrifum sínum með það að markmiði að heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi megi áfram verða eins góð og mögulegt er.

1.11. **Erlendi Magnússyni frá 7. desember 2011.**

Í bréfinu býður Erlendur fram vinnu sína við að gera við útihurðir sem björguðust mikið brunnar úr Eden að öðrum kosti óskar hann eftir að fá hurðirnar til varðveislu.

Bæjarráð samþykkti að þiggja hurðirnar að gjöf eftir brunann með því fororði að ekki yrði farið í kostnaðarsamar viðgerðir á hurðunum. Þær hafa fyrst og fremst varðveislu gildi sem minning um brunann og það Eden sem var og því mun ekki verða ráðist í viðgerðir á hurðunum.

**2. Tæknileg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 1. desember 2011 um verndun húsa og trjáa í Hveragerði.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna verndun húsa og trjáa í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar sem skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram og felur honum ásamt skipulags- og bygginganefnd að vinna áfram á grundvelli þeirra.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:43

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)